

AUGLÝSING

**um að Sauðárkrókskaupstaður skuli talinn til 1. verðlagssvæðis
almannatrygginganna.**

Með vísun til 10. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið ákveðið, að Sauðárkrókskaupstaður skuli talinn til 1. verðlagssvæðis almannatrygginganna frá og með 1. jan. 1963, þar til annað kann að vera ákveðið, og verða iðgjöld til trygginganna og bótagreiðslur í samræmi við það.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1962.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 110.

17. ágúst.

AUGLÝSING

um flutning prestsseturs frá Vatnsenda í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga um breyting á lögum nr. 31 4. febrúar 1952, um skipan prestakalla nr. 66 27. apríl 1962 og að fengnum tillögum sóknarnefnda Vatnsenda prestakalls í Suður-Þingeyjarsýslu og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, er hér með mælt svo fyrir, að prestssetur framangreinds prestakalls skuli flytja frá Vatnsenda í nýbýli í landi Fremstafells.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. ágúst 1962.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

Nr. 111.

7. ágúst.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn, nr. 161 21. september 1959.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 29 23 apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1962.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.